

sjálfir ákvæðið að takmarka reykingar í húsnæðinu. Skal slíkt látið greinilega í ljós á staðnum og tilkynnt heilbrigðisnefnd eða Vinnueftirliti ríkisins eftir því sem við á skv. 1. mgr. 18. gr. og gilda þá ákvæði þessara laga þar sem við á.

■ **12. gr.** [Með þeirri undantekningu sem leiða kann af 3. mgr. 9. gr. skal hver maður eiga rétt á reyklösu andrúmslofti innan dyra á vinnustað sínum og vinnuveitandi hans sjá til þess að hann njóti þess réttar.]¹⁾

□ [Ráðherra]²⁾ skal setja reglur³⁾ í samráði við . . . ²⁾ [ráðherra er fer með framkvæmd löggjafar um veitingastaði, gististaði og skemmtanahal] ⁴⁾ um takmarkanir á reykingum á vinnustöðum, þar á meðal í skipum, í samræmi við 1. mgr. og með tilliti til 1. gr. laga þessara.

¹⁾ L. 83/2006, 5. gr. ²⁾ L. 162/2010, 72. gr. ³⁾ Rg. 326/2007. ⁴⁾ L. 126/2011, 338. gr.

■ **13. gr.** Tóbaksreykingar eru óheimilar í almenningsfarartækjum sem rekin eru gegn gjaldtöku.

□ Heimilt er forráðamönnum flugvéla að leyfa reykingar í hluta farþegarýmis í atvinnuflugi milli landa án viðkomu á Íslandi. Þess skal þó ávallt gætt að óþægindi skapist ekki fyrir þá sem ekki reykja.

IV. kafli. Fræðslustarfsemi.

■ **14. gr.** [Það ráðuneyti er fer með fræðslumál]¹⁾ skal í samráði við [ráðuneytið]²⁾ og [landlækni]³⁾ sjá til þess að fram fari reglubundin fræðsla í því skyni að draga úr tóbaksneyslu:

1. Í skólum landsins. Sérstök áhersla skal lögð á slíka fræðslu í grunnskólum og skólum þeim sem mennta fólk til starfa að uppeldis-, fræðslu- og heilbrigðismálum.

2. Í fjölmíðlum.

□ Fræðsla um áhrif tóbaksneyslu og leiðir til að draga úr henni skal veitt á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum.

¹⁾ L. 126/2011, 338. gr. ²⁾ L. 162/2010, 72. gr. ³⁾ L. 28/2011, 15. gr.

V. kafli. Almenn ákvæði.

■ **15. gr.** [A.m.k. 0,9% af brúttósölu tóbaks skal renna í lýðheilsusjóð, sbr. lög um landlækni og lýðheilsu.]¹⁾

¹⁾ L. 28/2011, 15. gr.

■ **16. gr.** Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð¹⁾ nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

¹⁾ Rg. 325/2007. Rg. 326/2007.

VI. kafli. Eftirlit og viðurlög.

■ **17. gr.** Heilbrigðisnefndir, undir yfirumsjón [Umhverfis-

stofnunar],¹⁾ hafa eftirlit með útsölustöðum tóbaks og fylgjast með því í umdæmi sínu að virt séu ákvæði II. kafla laga þessara um merkingar, auglýsingar og sölu tóbaks.

□ Nú er brotið gegn ákvæðum II. kafla og ekki farið að fyrir mælum heilbrigðisnefndar og getur nefndin þá beitt sömu úrræðum og talin eru upp í 27. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

□ Brjóti leyfishafi skv. 8. gr. gegn ákvæðum þeirrar greinar getur heilbrigðisnefnd á viðkomandi eftirlitssvæði að undan-genginni áminningu svipt hann leyfinu. Við ítrekað brot ber heilbrigðisnefnd að svipta hann leyfinu og eins ef brot er stórfellt.

□ [Ákvarðanir heilbrigðisnefndar sæta kærur til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.]²⁾

¹⁾ L. 164/2002, 27. gr. ²⁾ L. 131/2011, 31. gr.

■ **18. gr.** Heilbrigðisnefndir, Vinnueftirlit ríkisins [og Samgöngustofa]¹⁾ hafa, eftir því sem við á, eftirlit með því að virt séu ákvæði III. kafla laga þessara í samræmi við þau lög sem gilda um þessar stofnanir.

□ Ráðherra setur í reglugerð²⁾ nánari ákvæði um framkvæmd eftirlitsins.

¹⁾ L. 59/2013, 20. gr. ²⁾ Rg. 326/2007.

■ **19. gr.** Brot gegn ákvæðum 6. og 7. gr. eða reglum sem settar eru á grundvelli þessara laga og tengjast þeim greinum varða sektum en fangelsi allt að tveimur árum séu sakir miklar eða brot ítrekað.

□ Brot gegn ákvæðum 8. gr. eða reglum sem settar eru á grundvelli þessara laga og tengjast þeirri grein varða auk leyfissviptingar skv. 17. gr. sektum.

□ Um tilraun til brots eða hlutdeild gilda ákvæði almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

■ **20. gr.** Það varðar mann sektum haldi hann áfram að reykja í húsakynnum eða farartæki þar sem bannað er að reykja skv. 9., 10. og 13. gr., sbr. einnig 11. gr., enda hafi umráðamaður húsakynna eða stjórnandi farartækis eða fulltrúi þeirra veitt honum áminningu.

□ Sömu aðilar geta vísað hinum brotlega úr farartækinu eða húsakynnum láti hann ekki segjast.

■ **21. gr.** . . . ¹⁾

¹⁾ L. 88/2008, 233. gr.